



Félags- og menningarmálanefnd - 17.01.2017

12. fundur

17. janúar 2017, kl. 12:00-13:15

Fundarstaður: Heilsugæslustöðin

Fundarmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálsdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Pröstur Stefánsson

Starfsmenn:

Dagskrá:

1. *Mývatnsstofa – samningamál*
2. *Bárðarbás í Höfða – umsókn um styrk frá Laufeyju Sigurðardóttur*
3. *Uppbyggingarsjóður - styrkumsóknir*

1. Mývatnsstofa - samningamál

Nefndin hefur til umfjöllunar „Greinargerð vegna Mývatnsstofu ehf.“, drög að þjónustusamningi og kostnaðaráætlun Mývatnsstofu. Fram kemur í greinargerðinni að reksturinn hafi verið þungur frá upphafi og nú sé svo komið að mikilvægasta stoðin til að afla tekna er brostin. Sala ferða og gistingar hefur dregist saman síðustu ár og síðastliðað sumar var samdrátturinn verulegur og salan stóð ekki undir kostnaði við nauðsynlega mönnun til að sinna henni. Það er ekki hægt að halda rekstrinum áfram að óbreyttu og því ljóst að félagið stendur á krossgötum. Í ljósi þessarar stöðu hefur stjórn félagsins í samráði við hluthafa endurmótað áherslur Mývatnsstofu. Það felst í því að lögð verði ríkari áhersla á viðburði og markaðsstarf og í stað þess að meginþungi rekstrarins snúi að upplýsingagjöf á

ES

gólfi verði henni sinnt í gegn um öfluga og gagnvirka heimasíðu. Auk þess verði kynningarstarf Mývatnssveitar eftt og meginsteftið verði að festa svæðið í sessi sem flottasti áfangastaður norður Evrópu.

Athygli vekur að einungis 11 hluthafar hafa gert samning um mánaðarlegar greiðslur til að standa undir gerð og rekstri nýrrar heimasíðu sem áætlað er að starfsmaður Mývatnssstofu sjái um. Nefndin veltir því fyrir sér hvers vegna ekki komi fleiri hluthafar að því. Þó er nefnt í greinargerðinni að vonir standi til að fleiri aðilar komi inn þegar verkefnið er komið lengra á veg. Við umræður innan nefndarinnar kom fram það álit nefndarmanna að nauðsynlegt sé að breið innri samstaða sé meðal eigenda Mývatnssstofu á þátttöku við fjármögnun og endurskipulagningu starfseminnar. Með samningum við þessi 11 hluthafa hefur stofan tryggt sér tekjuflæði að upphæð 285.000 kr. á mánuði. Ljóst er sbr. kostnaðaráætlun að ekki er unnt að halda starfseminni áfram og sinna viðburðum og verkefnum sem stefnt er að samkvæmt endurmótaðri stefnu. Því leitar Mývatnssstofa eftir því að samningur við sveitarfélagið verði endurskoðaður og upphæðin sem sveitarfélagið leggur til verði hækkuð sbr. drögum að þjónustusamningi. Þar er lagt til að starfsmaður Mývatnssstofu taki að sér ýmis verkefni fyrir sveitarfélagið og annist almenna kynningu á Mývatnssveit. Jafnframt að framlag sveitarfélagsins verði hækkað í 400.000 kr. á mánuði að viðbætti skrifstofuaðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins að Hlíðavegi 6. Þetta er töluverð hækkan frá fyrri samningi og nefndin álitur að áður en gengið er að slíkum samningi þá þurfi sveitarfélagið að meta það hver aðkoman að Mývatnssstofu á að vera í framtíðinni og á hvaða forsendum. Breytt starfsumhverfi og flutningur Mývatnssstofu gefur tilefni til gagngerrar endurskoðunar á samningi við sveitarfélagið og leggur nefndin til að stjórn Mývatnssstofu og fulltrúar sveitarfélagsins geri í sameiningu drög að nýjum samningi.

2. Bárðarbás – umsókn um styrk frá Laufeyju Sigurðardóttur

Til umfjöllunar er styrkbeiðni frá Laufeyju Sigurðardóttur vegna varðveislu Bárðarbáss í Höfða, en málinu var frestað þar til upplýsingar hefðu borist frá Minjavernd. Þær hafa nú borist í tölvupósti. Þar kemur m.a. fram að mannlífsljósmyndir Bárðar frá upphafi 20. aldar veiti afar dýrmæta sýn á íslenskt samfélag og sveitameninguna á þeim tímum. Húsatóftin í Höfða sem kennd er við Bárð er í dag friðuð með lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Handverk, efnisgerð og vandaðar fallegar hleðslur úr tilhöggnu hraungrýti bera mark af staðbundinni hefð og að því leyti er húsið sennilega einstætt á landsvísu fyrir sitt tímabil. Á undanförmum árum hafa hleðslur Bárðarbáss byrjað að ganga til vegna þrýstings frá jarðvegi umhverfis. Síðastliðið sumar hófst vinna við að varðveita þessar minjar og veitti Húsafriðunarsjóður styrk til verksins. Það að Húsafriðunarsjóður hafi styrkt verkefnið ber vott um að menningarsögulegt gildi þess er mikið.

ES

Sveitarfélagið eignaðist Höfða árið 1970, að undanskildri spildu í kringum íbúðarhúsið í Höfða, og sinnir því svæði þannig að sómi er að og íbúar sveitarfélagsins og gestir hafa gott aðgengi að því. Sveitarfélagið er hluthafi í Höfðafélaginu, en eitt af markmiðum þess snýr að varðveislu hleðslna Bárðar og verka hans. Sveitarfélagið á einnig forkaupsrétt að landinu sem er nú í einkaeigu.

Nefndarmenn eru sammála um að það er virðingarvert að eigendur íbúðarhússins í Höfða og svæðisins þar sem Bárðarbás stendur láti sig þessar menningarminjar varða og geri allt sem í sínu valdi stendur til að þær eyðileggist ekki. Það er ljóst útfrá álitni Minjastofnunar að hleðslurnar hafa mikið menningarsögulegt gildi. Nefndin leggur því til að sveitarfélagið styrki verkefnið með einhverjum hætti, annað hvort fjárframlagi eða athugi jafnvel hvort hægt sé að styrkja verkefnið með vinnuframlagi eða tækjum.

3. Uppbyggingarsjóður - styrkumsóknir

Uppbyggingarsjóður er hluti af samningi um *Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019*. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstarstyrkja til menningarmála. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2017. Nefndarmenn hvetja íbúa sveitarfélagsins til að sækja um í sjóðinn.

Fundi slitið kl. 13:15.

Elisabet Sigurðardóttir
Dagbjörg Björnadóttir
Sigrún Þámas
Jóhanna Njálisdóttir
Óli Þró Stef.

